

1960

156

33

27. maí

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

*Gjört í Reykjavík, 27. maí 1960.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

34

30. maí

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 49 12. júní 1958, um lífeyrissjóð togarasjómannanna.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 3. málsg. 9. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Lögjöld sjóðfélaga og launagreiðanda skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi togara og ganga fyrir öllum öðrum veðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. maí 1960.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

35

30. maí

## L Ö G

um lögheimili.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sérhver maður, sem dvelst eða ætlar að dveljast á Íslandi lengur en 6 mánuði, skal eiga lögheimili samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Sama gildir um útlendinga, sem stunda hér atvinnu, þó að dvöl þeirra sé skemmri en 6 mánuðir. Enginn getur átt lögheimili hér á landi á fleiri stöðum en einum í senn.

2. gr.

Þar er lögheimili manns, sem hann á heimili.

Heimili manns er sá staður, þar sem hann hefur bækistöð og dvelst að jafnaði